

Ed. 373. Frumvarp til laga [194. mál]
um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 29. gr. laganna komi ný málgr., svo hljóðandi:
Kæra má kosningu sýslunefndarmanns skriflega innan 14. daga, og sker sýslunefnd úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni félagsmálaráðuneytisins, og fylgdi því svofelld greinargerð:

Hér er ekki um nýmæli að ræða. Ákvæði þetta er í 34. gr. laganna. Í sambandi við setningu nýrra sveitarstjórnarlaga er 34. gr. ásamt fleiri greinum á undan og eftir felld úr gildi, en ákvæði það, sem hér er um að ræða, er nauðsynlegt. Betur virðist fara á því að sameina ákvæði þetta öðrum ákvæðum laganna um kosningakærur, en þau ákvæði eru í 29. gr. laganna.

Parfnast ekki nánari skýringar.